



Sveitarstjórnarfundur 29. október 2023

Sunnudaginn 29. október 2023 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 16. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir og Bjarni Þórisson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 17

Dagskrá 16. fundar:

1. Fundargerð 15. sveitarstjórnarfundar 24.08.2023
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar – Fyrri umræða
5. Borskýrsla borholu DN-23
6. Drög að deiliskipulagi á Drangnesi og Skarði
7. Erindi til sveitarstjórnar
8. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í vinnuhóp um svæðisáætlun um úrgang og í framkvæmdaráð Earth Check
9. Viðbragðsáætlun Drangneshafnar 2023
10. Menntastefna Vestfjarða
11. Bréf frá Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu
12. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands
13. Beiðni SÍBS
14. Styrktarbeiðni Landssambands lögreglumanna
15. Styrktarbeiðni frá Hjartaheillum
16. Styrktarbeiðni frá Aflinu
17. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi í landi Hveravíkur

Fundargerð:

1. Fundargerð 15. sveitarstjórnarfundar 24.08.2023.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar, 13.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 144. fundur Heilbrigðisnefndar, 07.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. Aðalfundur Laugarhóls ehf., 26.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. Þinggerð 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, 6-7.10.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- d. 52. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 27.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu 2023, 24.05.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. Fundargerð 52. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og FV, 29.03.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- g. Fundargerð 53. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og FV, 17.05.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- h. Fundargerð 54. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og FV, 28.06.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga, 932. fundur stjórnar, 08.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga, 933. fundur stjórnar, 18.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga, 934. fundur stjórnar, 29.09.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga, 935. fundur stjórnar, 16.10.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- m. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 04.10.2023.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

4. Umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar – Fyrri umræða

Fyrir liggur umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markmiðinu var sveitarfélögum með færri 250 íbúa falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila til umsagnar Innviðaráðuneytisins álit um stöðu sveitarfélagsins. Umsögn ráðuneytisins liggur nú fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að halda íbúafund 22.11.2023 klukkan 19.00 í Samkomuhúsinu Baldri, til að leita álits íbúa á umsögn ráðuneytisins.

Þjónustufulltrúa falið að birta umsögn ráðuneytisins á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlum.

Borið upp og samþykkt.

5. Borskýrsla borholu DN-23

Þann 5. september hófst vinna við borun á heitu vatni á Drangnesi. Borað var á milli Aðalbrautar 8 og 10 og var megintilgangur framkvæmdarinnar að efla Hitaveitu Drangness og fá heitara vatn fyrir íbúa hreppsins.

Að verki lokni mældist 62,5° heitt vatn úr borholunni í 358 metra dýpi. Borholan gefur frá sér meiri afköst en áætlað er að hún gefur frá sér um 30 lítra á sekúndu. Á hún því eftir að gefa meira rennsli frá sér er fyrri borholur þar sem aðfærslan af vatni frá holunni er mikill.

Borskýrsla lögð fram til kynningar.

Næstu verkefni framkvæmdanna rædd. Ákveðið er að kaupa dælubúnað og efni til að tengja holuna við veituhúsið.

Borið upp og samþykkt.

6. Drög að deiliskipulagi á Drangnesi og Skarði

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á Vitavegi á Drangnesi og Skarði. Fyrir liggja drög að nýjum deiliskipulögum.

Drög að deiliskipulögum lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn tekur vel í deiliskipulögin og ákveður að setja málin í feril.

Skipulagsfulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

7. Erindi til sveitarstjórnar

Erindi barst til sveitarstjórnar varðandi ólöglegar veiðar á músum utandyra þar sem notast er við frostlög. Gæti þetta reynst hættulegt húsdýrum, nánar tiltekið köttum þar sem þeir veiða mýs og gætu átt í hætti við að komast í snertingu við frostlöginn.

Óskað er eftir því að sveitarstjórn veki athygli bæjarbúa á því að það er ólöglegt að notast við frostlög til þess að veiða mýs.

Erindi lagt fram til kynningar.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Fulltrúi Kaldrananeshrepps í vinnuhóp um svæðisáætlun um úrgang og í framkvæmdaráð Earth Check

Vestfjarðastofa óskar er eftir því að sveitarstjórn skipar fulltrúa hreppsins í vinnuhóp um svæðisáætlun um úrgang og í framkvæmdaráð Earth Check.

Sveitarstjórn skipar Hildi Aradóttir fulltrúa hreppsins.

Þjónustufulltrúa falið að upplýsa Vestfjarðastofu.

Borið upp og samþykkt.

9. Viðbragðsáætlun Drangsneshafnar 2023

Samkvæmt 11. Gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda ber höfnum að skila viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar innan hafnarsvæðis ár hvert.

Viðbragðsáætlun Drangsneshafnar fyrir árið 2023 hefur borist Umhverfisstofnun og er samþykkt.

Viðbragðsáætlun Drangsneshafnar 2023 lögð fram til kynningar.

10. Menntastefna Vestfjarða

Fyrir liggja drög að Menntastefnu Vestfjarða sem inniheldur metnaðarfulla framtíðarsýn sem sveitarfélögin á Vestfjörðum sammælast um að innleiða og nýta við mótun skólustefnu fyrir hvert sveitarfélag.

Óskar Vestfjarðastofa eftir ábendingum, viðbótum og hugmyndum til að vinna með menntastefnu.

Menntastefna Vestfjarða lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við fyrirliggjandi drög.

Borið upp og samþykkt.

11. Bréf frá Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu

Bréf var sent frá Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu til sveitarfélaga landsins um innviði fyrir orkuskipti en til að ná markmiðum Íslands í orku- og loftlagsmálum þarf orkuskipti í samgögnnum á landi.

Bréf lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hvetur sveitarfélög landsins til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í

næsta nágreppi.

Bréf lagt fram til kynningar.

13. Beiðni SÍBS

Hreppnum barst fyrirspurn frá SÍBS þar sem athugað er hvort áhugi væri fyrir því að styrkja það forvarnar- og endurhæfingarstarf sem SÍBS stendur fyrir.

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund sem um 50 þúsund Íslendingar hafa notið góðs af.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að samþykkja ekki beiðni SÍBS.

Borið upp og samþykkt.

14. Styrktarbeiðni Landssambands lögreglumanna

Hjálögð er styrktarbeiðni frá Landssambandi lögreglumanna en þau gefa út blaðið Lögreglumaðurinn þar sem fjallað er um málefni lögreglunnar, reynsluheim lögreglumanna, starfsumhverfi þeirra, kjarasamninga og ýmislegt fleira.

Vonast er eftir því að hreppurinn taki þátttöku í Lögreglumanninum en hægt er að kaupa margskonar auglýsingar sem sýndar verða í blaðinu sem og kveðju til lögreglumanna.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

15. Styrktarbeiðni frá Hjartaheillum

Hjálögð er styrktarbeiðni frá Hjartaheillum, landsamtökum hjartasjúklinga sem gefa út blaðið Velferð. Verkefni samtakanna eru mörg og mikilvæg því þrátt fyrir þann góða árangur sem náðst hefur í hjartalækningum á Íslandi þá má ekki slaka á í því átaki að auka þjónustu við hjartasjúklinga.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.

Borið upp og samþykkt.

16. Styrktarbeiðni frá Aflinu

Hjálögð er styrktarbeiðni frá Aflinu sem eru samtök fyrir þolendur ofbeldi en óskað er eftir því að Kaldrananeshreppur veiti samtökunum styrk að upphæð 50.000kr.-

Beiðni lögð fyrir.
Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við beiðninni.
Borið upp og samþykkt.

17. Breyting á aðalskiplagi og deiliskipulagi í landi Hveravíkur

Tillaga að breytingu á Aðalskiplagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, nýtt svæði fyrir frístundabyggð í Hveravík og tillaga að deiliskipulagi Hveravíkur.

Sveitarstjórn sendi þann 25. september 2023 breytingartillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsstofnun hefur með bréfi dags 23. október 2023 heimilað Kaldrananeshreppi að auglýsa breytingartillöguna skv. 31. gr. skipulagslaga að teknu tillit til ábendinga um lagfæringar. Brugðist hefur verið við ábendingum Skipulagsstofnunar og breytingartillagan lagfærð. Forsendur fyrir frístundabyggð við Hveravík eru skýrðar betur, gerð grein fyrir umsagnaraðilum og kafla um umhverfisáhrif uppfærður og niðurstöður betur rökstuddar.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða lagfærða tillögu að aðalskiplagsbreytingu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt samsvarandi tillögu að deiliskipulagi Hveravíkur til auglýsingar samhliða aðalskiplagsbreytingunni, sbr. 41. gr. skipulagslaga.
Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið klukkan 22:01